




SAFNAHELGI Á SUÐURNESJUM

DAGANA 9.–10. MARS

ÓKEYPIS
Á ÖLL SÖFN



VERIÐ VELKOMIN Á SAFNAHELGI Á SUÐURNESJUM



Dagskrá



Opnunarhátíð Safnahelgi í Rokksafni Íslands (Hljómahöll)

Laugardag 9. mars kl 11:30

Sérstök opnun Safnahelgar á Suðurnesjum fer fram í Rokksafni Íslands (Hljómahöll) laugardaginn 9. mars kl. 11:30. Þar verður flutt brot af því besta úr Söngvaskáldum á Suðurnesjum, en sú sýning hefur hitt í mark hjá heimamönnum.



**ÓKEYPIS
Á ÖLL SÖFN**

Reykjanesbær

Söfn og setur

Duus Safnahús

Duusgötu 2-8, Keflavík

Opið laugardag og sunnudag kl. 12 – 17

duusmuseum.is;

sofn.reykjanesbaer.is

7 ólíkar sýningar í 7 sýningarsölum

Bátasalur: Bátafloki Gríms Karlssonar (Föndursmiðja fyrir börn alla helgina)

Rúmlega 100 bátalíkn úr skipafloka landsmanna sem Grímur Karlsson fyrrverandi skipstjóri og líkanasmiður hefur gert.

Föndursmiðja fyrir börn alla helgina. Þau læra að búa til gamaldags pappírskápa.

Viðburður: 10. mars kl. 13.00 og 16.00:

Félag harmonikkunnenda á Suðurnesjum leikur sjómannalög.

Við munum tímana tvenna - Gryfjan

Afmælissýning Byggðasafns Reykjanesbæjar í Gryfjunni í Duus Safnahúsum. Á sýningunni er farið yfir 40 ára sögu safnsins og dregin upp mynd af fjölbreyttum verkefnum safnsins í þeim miklu breytingum sem orðið hafa á samfélaginu á þessum árum.

Viðburður: 10. mars kl. 14.00: Leiðsögn safnstjóra Eiríks P. Jörundssonar.

Listasalur: Einkasýning Guðjóns Ketilssonar

Guðjón er með allra markverðustu myndlistarmönnum þjóðarinnar og hefur haldið yfir þrjátíu einkasýningar og tekið þátt í samsýningum um allan heim. Hann hefur

hlotið margar opinberar viðurkenningar og gert verk sem finna má í á opnum svæðum á ýmsum stöðum. Verk hans er að finna í helstu listasöfnum landsins. Sýningin, sem nefnist „Teikn“ er samsett úr nýjum verkum sem öll fjalla með einum eða öðrum hætti um tákni, táknerkingu og „lestur“ í víðasta skilningi. Verkin eru uppfyllt með vísbendingar, tákni og tilvitnanir sem mynda eins konar huglæg rými sem áhorfandinn gerist þáttakandi í og upplifir á eigin skinni.

Viðburður: 10. mars kl. 15.00: Leiðsögn listamannsins Guðjóns Ketilssonar.

Bíósalur: Gluggamenn eða spegilmenn?

Ljósmyndir úr safneign Listasafns Reykjanesbæjar. John Szarkowski, yfirmaður ljósmyndadeildar Nútímalistasafnsins í New York (M.O.M.A) og helsti sérfræðingur í bandarískri ljósmyndun setti einu sinnu fram athyglisverða kenningu um ljósmyndun þar sem hann skipti ljósmyndurum í tvo flokka; þá sem litu á ljósmyndun sem tæki til tjáningar á persónulegum viðhorfum, sem sagt „speglamenn“, og þá sem litu á hana sem tæki til hlutlausrar frásagnar af hinu séða, þ.e. „gluggamenn“. Og nú er það spurningin í hvorn flokkinn falla þeir listamenn sem eiga verkin á sýningunni í Bíósal Duus Safnahúsa? Eða fara þeir kannski bil beggja? Gestir geta velt fyrir sér þessari spurningu um leið og þeir njóta listaverka eftir nokkra af helstu ljósmyndurum þjóðarinnar.



Gestastofa Reykjanesjarðvangs

Sýning um myndun og mótun Reykjanes-skagans, lífríki og náttúruvar. Reykjanes Geopark er á jarðvangaskrá UNESCO ásamt 119 öðrum svæðum í heiminum.

Fólk í kaupstað - Stofan

Á sýningunni gefur að líta sýnishorn af ljósmyndum í eigu Byggðasafns Reykjanesbæjar. Þessa sýningarinnar er fólk og fjölbreytt mannlíf í kaupstaðnum Keflavík og nágannabænum Njarðvík á árunum 1944 til 1994. Sýningin er önnur sýning safnsins sem sett er upp í tilefni þess að 40 ár voru liðin frá formlegri stofnun sameiginlegs byggðasafns Keflavíkur og Njarðvíkur á síðasta ári. Á þessu ári eru jafnframt liðin 80 ár frá því að Ungmennafélagið setti á stofn Byggðasafn Keflavíkur þann 17. júní 1944 og 75 ár liðin frá því að Keflavík fékk kaupstaðarréttindi árið 1949.

Viðburður: 10. mars kl. 15.00: Sýningarstjóri og ljósmyndari vera á staðnum og ræða við gesti og gangandi.

Miðloft: Þyrping verður að þorpi

Grunnsýning Byggðasafns Reykjanesbæjar á Miðlofti í Bryggjuhúsi þar sem stiklað er á stóru um sögu svæðisins frá níundu öld til miðrar síðustu aldar.

Ljós og tími - Ljósmyndir úr safneign Listasafns Reykjanesbæjar

Á síðustu 15 árum hefur Listasafn Reykjanesbæjar eignast fjölda listræna ljósmynda sem nú má sjá á sýningu í Bíósal Duus Safnahúsa. Þar má m.a. sjá verk eftir

bæði innlenda og erlenda ljósmyndara s.s. Einar Fal Ingólfsson, Spessa, Katrínu Elvarsdóttur, Tom Sandberg, Vigdís Handhammer. Titill sýningarinnar vísar í helstu frumpætti miðilsins, þ.e. ljós og tíma. Einnig má velta fyrir sér orðum John Szarkowski, yfirmanns ljósmyndadeildar Nútímalistasafnsins í New York (M.O.M.A) og helsta sérfræðings í bandarískri ljósmyndun, sem setti fram athyglisverða kenningu um ljósmyndun þar sem hann skipti ljósmyndurum í tvo flokka; þá sem litu á ljósmyndun sem tæki til tjáningar á einkalegum viðhorfum, sem sagt „speglamenn“, og þá sem litu á hana sem tæki til hlutlausrar frásagnar af hinu séða, þ.e. „gluggamenn“. Sýningin opnaði föstudaginn 15. nóvember og stendur til 22. apríl.

Rokksafn Íslands

Hljómahöll

Hjallavegi 2, Ytri-Njarðvík


Opið laugardag og sunnudag kl. 11 – 18 rokksafn.is

Geggjaður gagnvirkur plötuspilari

Rokksafn Íslands er safn um sögu popp- og rokkónlistar á Íslandi. Þar er saga tónlistar á Íslandi sögð allt frá árinu 1830 til dagsins í dag. Safnið frumsýnir um þessar mundir nýjan hluta safnsins sem unnin var í samstarfi við fyrirtækið Gagarín sem sérhæfir sig m.a. í gagnvirkum lausnum fyrir söfn. Í nýja hlutanum geta gestir skoðað sögu íslenskra tónlistarmanna og hljómsveita í gegnum gagnvirka plötuspilara. Sjón er sögu ríkari.



Vogar:



Benný Sif Ísleifsdóttir og Sölvi Tryggvason og lesa upp úr bókum sínum

Hvar: Bókasafnið Stóru Vogaskóla Tjarnargötu 2

Laugardaginn 9. mars klukkan 14:00 munu rithöfundarnir Benný Sif Ísleifsdóttir og Sölvi Tryggvason og lesa upp úr nýútkomnum bókum sínum. Benný gaf út skáldsöguna Grímu og Sölvi bókina Á eigin skinni. Nemendur Tónlistarskólans í Vogum flytja tónlist.

Sunnudaginn 10. mars klukkan 14:00 lesa þrír nemendur Stóru-Vogaskóla lesa upp úr eftirlætisbókum sínum. Nemendur Tónlistarskólans í Vogum flytja tónlist.



Zumba í Sundmiðstöðinni

Hvar: Íþróttamiðstöð Voga Hafnargata 17 Laugardaginn 9. mars kl. 11:00 mæta hinar Síkatu Zúmbínur í Sundmiðstöðin í Vogum stjórna Zúmba og svo verður tónlist (jafnvel lifandi) á svæðinu út daginn. Opnunartími er frá 10:00 til 16:00. Allir velkomnir og frítt í sund í tilefni Safnahelgar.

Skólaganga barna í Vatnsleysustrandahreppi

Hvar: Kálfatjörn Vatnsleysuströnd Skólasafnið í Norðurkoti á Kálfatjörn verður opið sunnudaginn 10. mars frá kl. 13 til 17. Þar verður að venju hægt að fræðast um skólagöngu barna í Vatnsleysustrandahreppi. Lögð verður áhersla á aðbúnað barna, meðal annars fatnað og vegalengdir sem farnar voru í skóla. Sýnd verða kennslugögn og munir tengdir kennslu. Þrír fyrrverandi nemendur segja frá skólagöngu sinni, frá mismunandi tímabilum skólasögunnar.

Söfn í einkaeigu: Pony hestar, viskú og göngustafir

Hvar: Bókasafnið Stóru Vogaskóla Tjarnargötu 2

Sýning í Tjarnarsalnum á söfnum í einkaeigu bæjarbúa. Sýnd söfn sem bæjarbúar hafa safnað í gegnum tíðina. Meðal annars er um að ræða safn af pony hestum, safn af göngustöfum, pennasafn og viskúsafn. Þá verða sýndar gestabækur af Keili sem haldið hefur verið saman í yfir 20 ár. Opið milli 13 og 17 báða dagana. Sveitarfélagið Vogar býður gestum upp á kaffi, djús og vöffur í Tjarnarsalnum á meðan á sýningu stendur. Einnig verður gefið smakk af Íslensku Flóka viskú.



Suðurnesjabær

Munir úr einkasafni heimakvenna

Bókasafnið í Garði opið laugardag og sunnudag frá kl. 13.00 – 17.00. Á safninu verða til sýnis gripir úr einkasöfnum nokkurra kvenna sem búsettar eru í Garðinum, þeirra Gerðar Ólafsdóttur, Guðlaugar Bragadóttur, Helgu Tryggvadóttur og Mattildar Ingvarsdóttur.

Múmínálfa könnur í bókasafni Sandgerðis

Bókasafnið í Sandgerði verður með sýningu á Múmínálfa könnum og sögu þeirra. Einnig verða Múmínálfa bækur til sýnis. **Opið báða dagana frá kl. 13.00 – 17.00.**

Ævintýraheimur fyrir börn og fullorðna þekkingarsetur Suðurnesja verður opið báða dagana frá kl. 13-17.

Lifandi sjávardýr, uppstoppuð dýr, líf og dauði Jean-Baptiste Charcot og þangálfar í felum. Sannkallaður ævintýraheimur fyrir börn og fullorðna.

Ásgeir opnar braggann

Ásgeir Hjálmarsson veitir aðgang að einkasafni í bragganum við Búmannahverfið í Garðinum á horni Skagabrautar og Nýjalandis.

Norðurljósa- og hvalasýning í stóra vitanum

Byggðasafnið á Garðskaga verður opið báða dagana 12-18. Sýning verður í stóra vitanum, norðurljósa- og hvalasýning.



ÓKEYPIS
Á ÖLL SÖFN

SJÁÐU DAGSKRÁNA Á
safnahelgi.is

Reykjanesbær - framhald

Bókasafn Reykjanesbæjar

Ráðhúsinu Tjarnargötu 12, Keflavík
Opið laugardag: 11.00-17.00
sofn.reykjanesbaer.is

Frumkvöðlar í leikskólastarfi

Í Áttthagastofu Bókasafns Reykjanesbæjar stendur yfir Afmælisýning Tjarnarsels. Sýningin er samstarfsverkefni Bókasafnsins og leikskólans Tjarnarsels sem fagnaði 50 ára afmæli sínu í fyrra. Hægt er að kynna sér merka sögu þessa elsta leikskóla Reykjanesbæjar en mikið frumkvöðlastarf var unnið af konum í Kvenfélagi Keflavíkur sem stofnuðu dagheimilið á sínum tíma. Sýningin hefur notið mikilla vinsælda meðal yngstu kynslóðarinnar enda er börnum frjálst að skoða og leika sér með 50 ára gamla leikskólamuni.

Veröld vættanna - Bergisinn vaknar

Margrét Tryggvadóttir rithöfundur les upp úr sögunni Bergisinn vaknar. verkefnið

er unnið í samvinnu við Reykjanes Unesco Global Geopark, en markmiðið er að ná betur til barna og ungmenna í fræðslu um náttúru Reykjanes. Landvættirnar Bergisinn, Berlind blómádis, Brímir hafmaður og Skottan leiða okkur um undraveröld Reykjanes.

Upplstur á laugardegi í bókasafni Reykjanesbæjar kl 11:30

Upplstur á sunnudegi í Kvikunni Grindavík kl 14:00

Skessan í hellinum

Svarti hellir við smábátahöfnina í Gróf, Keflavík
Opið laugardag og sunnudag kl. 10:00 – 17:00.
skessan.is
Skessan úr bókunum Sigga og Skessan, er flutt til Reykjanesbæjar og hefur komið sér fyrir í Svarta helli í Gróf í Keflavík. Hún



býður gestum og gangandi að heimsækja sig í hellinn.

Viðburður: 9. og 10. mars kl. 12.00-17.00.

Börn geta komið við í Duus Safnahúsum og fengið skessublöðru og þrautabækling.

Ramminn Safnamiðstöð

Seylubraut 1, Innri Njarðvík

Opið laugardag og sunnudag kl. 12 – 17
sofn.reykjanesbaer.is

Yfir 16.000 munir í safnageymslu - stærsti slökkvilið í heimi

Opið hús í Safnamiðstöð Reykjanesbæjar – Rammi Innri-Njarðvík

Starfsfólk Byggðasafnsins tekur á móti gestum í safnageymslunum í Ramma í Innri-Njarðvík. Þar má sjá og fræðast um mikilvægt innra starf safnanna og þá góðu aðstöðu sem söfnin búa að í Reykjanesbæ hvað það varðar. Í eigu Byggðasafnsins eru um 16.000 munir, stórir og smáir, og nýlega tók safnið við stærsta slökkvilið í heimi

af Vellinum sem áður var í eigu Varnarliðsins. Þá gefst gestum kostur á að skoða listaverka- og ljósmyndageymslur. Í fórum safnsins er einnig að finna leikfangasafn Helgu Ingólfsdóttur og verður það gert sýnilegt gestum á Safnahelginni, ekki síst fyrir börnin.

Slökkviliðsafn Íslands - Körfubíll fyrir börnin

Seylubraut 1, Innri Njarðvík

Sýning þar sem aldarlóng saga slökkviliða á Íslandi er rakin eins og hún birtist í bílum og tækjabúnaði auk fjölda ljósmynda frá þessari sögu. Sýningin var sett upp og er rekin af slökkviliðsmönnum í sjálfbodastarfi.

Viðburður: 9. mars kl. 13.00-15.00.

Brunavarnir Suðurnesja

verða á planinu við Ramma með körfubíllinn og leyfa börnunum að prófa.

ÓKEYPIS
Á ÖLL SÖFN

Dagskrá



Grindavík



Laugardagur 9. mars

10:00-17:00 Kvikan, SALTFIKSSETRID, JARÐ-ORKA OG GUÐBERGSSTOFA.

Grunnsýningar Kvikunnar opnar gestum.

10:00-17:00 Kvikan, SJÁLFSMYNDIR Á DRAUMASTAÐNUM. Nemendur í 4. bekk Grunnskóla Grindavíkur sýna verk sín sem unnin voru í myndmennt og textílmennt.

10:00-17:00 Kvikan, KÆRLEIKUR. Heilsuleikskólinn Krókur og Leikskólinn Laut sýna verk nemenda sinna unnin í samstarfi

við Önnu Sigríði Sigurjónsdóttur, myndhöggvara.

10:00-17:00 Verslunarmiðstöðin Víkurbraut 62, BÆJARBÓT. Áhugaverðar fréttir úr Bæjarbót, bæjarblaði Grindvíkinga sem að kom út á árunum 1982-1996, rifjaðar upp.

13:00-16:00 Kvennó, SKIPSSTRÖND OG STRANDEMINJAR. Sýning á munum sem tengjast skipsströndum í nágrenni Grindavíkur auk þess sem sagt er frá strandminjum í myndum og máli.

14:00-16:00 Framsóknarhúsið, #GRINDAVIKVETUR. Sýning á ljósmyndum grindvískra ljósmyndara sem tóku þátt í ljósmyndaleik grindavik.is.

17:00 Grindavíkurkirkja, FORMLEG SETNING MENNINGARVIKU 2019. Menningarverðlaun Grindavíkurbæjar afhent, söngur og skemmtun og eftir setninguna er gestum boðið í safnaðarheimilið í veitingar

Sunnudagur 10. mars

11:00-17:00 SAFNAHELGI Á SUÐURNESJUM. Í tilefni Safnahelgar á Suðurnesjum er ókeypis á öll söfn, þar á meðal Kvíkuna. Allir velkomnir á opnunartíma

13:00-16:00 Kvikan, SALTFIKSÝNING opin gestum

10:00-17:00 Kvikan, KÆRLEIKUR. Heilsuleikskólinn Krókur og Leikskólinn Laut sýna verk nemenda sinna unnin í samstarfi við Önnu Sigríði Sigurjónsdóttur, myndhöggvara.

10:00-17:00 Kvikan, BÆJARBÓT. Áhugaverðar fréttir úr Bæjarbót, bæjarblaði Grindvíkinga sem að kom út á árunum 1982-1996, rifjaðar upp.

14:00-15:00 Kvikan Veröld vættanna - Bergrisinn vaknar

Margrét Tryggvadóttir rithöfundur les upp úr sögunni Bergrisinn vaknar. verkefnið er unnin í samvinnu við Reykjanes Unesco Global Geopark. Landvættirnar Bergrisinn, Berlind blómáðs, Brimir hafmaður og Skottan leiða okkur um undraveröld Reykjanes.

13:00-16:00 Kvennó, SKIPSSTRÖND OG STRANDEMINJAR.

Sýning á munum sem tengjast skipsströndum í nágrenni Grindavíkur auk þess sem sagt er frá strandminjum í myndum og máli.


14:00-16:00 Framsóknarhúsið, #GRINDAVIKVETUR. Sýning á ljósmyndum grindvískra ljósmyndara sem tóku þátt í ljósmyndaleik grindavik.is.

SAFNAHELGI Á SUÐURNESJUM

DAGANA 9.–10. MARS

ÖLL DAGSKRÁIN ER Á
safnahelgi.is

ÓKEYPIS
Á ÖLL SÖFN



SÓKNARÁÆTLUN
SUÐURNESJA